

Samkvæmt því, sem nú hefir sagt verið, getur stjórnarráðið ekki álitid norður- og austurumdæminu skylt að taka þátt í kostnaðinum til fjárvarðar þessa.

1867.

6. júlí.

34. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um útsölu alþingistíðindanna.

25. júlí.

Útaf bréfi dómsmálastjórnarinnar 22. septembermán. 1865 um, að reglulega skilagrein vantaði fyrir útsölu alþingistíðindanna, hafið þér, herra stiptamtmaður, með bréfi 5. októbermán. f. á. sent hingað bæði yfirlit, sem Jón Guðmundsson, settur málaflutningsmaður við yfirdóminn, hefir samið um eptirstöðvar alþingistíðindanna frá árunum 1845—59 og af þjóðfundartíðindunum 1851, og skýrslu um yfirlit þetta frá Einarí Bjarnasyni kaupmanni, sem nú er útsölumaður, og hafið þér þar að auki komið fram með ýmsar uppástungur um betri tilhögun þessa málefns eptirleiðis.

Nú er skrifazt hefir verið á við reikningastjórnardeild konungsríkisins um mál þetta, skal yður kunngjört yður til leiðbeiningar og til þess að þér gjöríð ráðstafanir þær, sem með þarf, að stjórnarráðið samkvæmt uppástungum yðar, herra stiptamtmaður, fellst á, að ábyrgðin af því, að ekki hefir verið gjörð regluleg skilagrein fyrir útsölu tíðindanna frá alþingi 1845, 1847, 1849 og 1853 og frá þjóðfundinum 1851, megi falla niður, og að eptirstöðvarnar af þessum árgöngum verði taldar og afhentar útsölumanni, gjöri hann svo eptirleiðis skilagrein fyrir eins mörgum exemplörum, og honum á þenna hátt verða fengin í hendur; að gjört sé ráð fyrir, að útsölumanninum, sem nú er, hafi verið fengin í hendur 275 exemplör af alþingistíðindunum 1855, 315 af tíðindunum 1857 og 320 af tíðindunum 1859, en að ábyrgðin af útsölu þessara árganga falli að öðru leyti einnig niður; og að útsölumanninum, sem nú er, beri að standa full skil á öllum exemplörunum, sem prentuð hafa verið af tíðindunum frá alþingi 1861 og úr því.

1867.
25. júlí. Í sambandi við þetta eruð þér beðnir um, herra stiptamtmaður, sem konungsfulltrúi á alþingi, sem nú stendur yfir, að annast um, að samin verði og lögð fyrir alþingi til álita reglugjörð um allt það, er snertir útsölu alþingistíðindanna eptirleiðis og líka um útbýtingu exemplara ókeypis, um sölu á eptirstöðvunum af gömlu árgöngunum, sem of mikið er til af, og ef til vill um að eptirleiðis skuli prenta færri exemplör af alþingistíðindunum en hingað til og fl.

25. júlí.

35. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um fiskiveiðar útlendra þjóða kringum Ísland.

Með bréfi 18. októbermán. 1865 senduð þér, herra stiptamtmaður, hingað tvær bænarskrár, er komið höfðu til alþingis sama ár, og þingið hafði falið forseta á hendur að senda konungsfulltrúa til frekari leiðbeiningar; voru þær um fiskiveiðar Frakka og annara útlendra þjóða kringum Ísland og var önnur úr Barðastrandarsýslu og hin úr Norður-Þingeyjarsýslu¹. Í hinni fyrnefndu bænarskránni var að eins með almennum orðum kvartað yfir, að Frakkar fiski of nærri landi og beðið um, að gjörðar yrði ráðstafanir á móti þessu af hálfu dönsku stjórnarinnar, en í hinni síðarnefndu bænarskránni var aptur á móti getið um ýms rán og gripdeildir, er útlendir fiskimenn hefði átt að sýna sig í í norður- og austurumdæminu, en ekki voru samt að öðru leyti færð nein skilríki til sönnunar atvikum þeim, sem tekin voru fram. Útaf þessu höfðuð þér skorað á amtmanninn yfir norður- og austurumdæminu að útvega skýrslur þær, sem með þyrfti til sönnunar því, sem getið var um í bænarskránni, og hafði þér síðan með bréfi 30. janúarmán. þ. á. sent hingað skýrslur þær, er norður- og austuramtíð hafði

¹) Bænarskráin er prentuð í tíðindum frá alþingi 1865 II, 211.—12.